



VERKFERLAR EF FELLA ÞARF NIÐUR ÆFINGAR HJÁ YNGRI FLOKKUM STJÖRNUNNAR

EF FELLA ÞARF ÆFINGAR NIÐUR VEGNA VEÐURS:

- ✓ Ákvörðun um niðurfellingu æfinga vegna veðurs er tekin hjá framkvæmdastjóra og yfirþjálfara deilda í hvert sinn fyrir sig. Þjálfarar hafa ekki heimild til að fella niður æfingu án þess að fá samþykki áður nefndra aðila.
- ✓ Ákvörðun þarf að taka fyrir kl. 12:00 hvern dag til að geta gefið forráðamönnum og forstöðumönnum frístundaheimila Garðabæjar tækifæri til að bregðast við og gera ráðstafanir.
- ✓ Senda þarf út póst á alla forráðamenn og senda afrit á forstöðumenn frístundaheimila Garðabæjar fyrir kl. 12:00 sama dag og æfing fellur niður. Ef ekki næst að koma upplýsingum út fyrir hádegi verður þjálfari að taka á móti hópnum og finna aðra útfærslu á æfingunni.

Hér fyrir neðan er að finna link á verklagsreglur slökkvuliðs höfuðborgarsvæðisins um röskun á skóla- og frístundastarfi:

<http://shs.is/fyrirtaeki-og-stofnanir/almannavarnir/roeskun-a-skolastarfi.html>

EF FELLA ÞARF ÆFINGAR NIÐUR VEGNA MÓTAHALDS:

- ✓ Senda skal póst á alla forráðamenn með að lágmarki 3 daga fyrirvara, einnig skal senda afrit af póstinum á forstöðumenn frístundaheimila Garðabæjar, þar sem tilgetið er um hvaða iðkendur er að ræða (nafnalisti).
- ✓ Einnig skal afrit af póstinum berast á skrifstofu Stjórnunnar.

EF FELLA ÞARF ÆFINGAR NIÐUR VEGNA ANNARRA ÁSTÆÐNA:

- ✓ Ef upp koma aðstæður þar sem fella þarf niður æfingu vegna annarra ástæðna líkt og veikinda þjálfara þarf að fá leyfi yfirþjálfara fyrir því að fella æfinguna niður.
- ✓ Senda skal póst á alla forráðamenn, afrit á forstöðumenn frístundaheimila Garðabæjar og starfsmenn skrifstofu Stjórnunnar.
- ✓ Í póstinum skal einnig koma fram hvernig og hvenær æfingin verður bætt iðkendum, þar sem allar æfingar sem falla niður vegna annarra orsaka en veðurfars og mótahalds eiga að vera bættar iðkendum.

TENGILIÐIR SKRIFSTOFU STJÖRNUNNAR:

Ása Inga Þorsteinsdóttir

asa@stjarnan.is

Íris Rut Erlingsdóttir

iris@stjarnan.is

Ingunn Aradóttir

stjarnan@stjarnan.is